

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 158/2012

2012/EES/70/06

frá 28. september 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 frá 27. september 2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 73/44/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB og 2008/121/EB ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1007/2011 falla úr gildi tilskipun ráðsins 73/44/EBE ⁽²⁾ og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB ⁽³⁾ og 2008/121/EB ⁽⁴⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XI. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 73/44/EBE), liðar 4a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB) og liðar 4c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB):

„4d. **32011 R 1007**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 frá 27. september 2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 73/44/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB og 2008/121/EB (Stjtið. ESB L 272, 18.10.2011, bls. 1)“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1007/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 18.10.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 83, 30.3.1973, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 32, 3.2.1997, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 19, 23.1.2009, bls. 29.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.